

### 3. gr. Framsal ríkisvalds

Tillaga C-nefndar	Breytingatillaga
<p><u>Heimilt er að gera alþjóða-samninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt alþjóða-samningi felst.</u></p> <p><u>Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.</u></p>	<p>.</p> <p><u>Heimilt er að gera alþjóða-samninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt alþjóða-samningi felst.</u></p> <p><b>Samþykki alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal það gert með 2/3 hluta atkvæða. Ákvörðunin skal borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu og skal það gert innan 6 mánaða frá samþykkt.</b></p>

Lýður Árnason

Pétur Gunnlaugsson